



Reykjavík, 13. október 2025

VEL25090073

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um vistunarsamninga hjá Barnavernd Reykjavíkur

Þann 17. september 2025 lagði fulltrúi Framsóknarflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Framsóknar óskar eftir eftirfarandi upplýsingum:

Fjölda vistunarsamninga á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar, sundurliðað niður á hvern mánuð fyrir árin 2024 og 2025 vegna barna með fjölþættan vanda.

Fjölda beiðna um vistunarsamninga vegna barna með fjölþættan vanda, þ.e. hversu marga samninga hefur verið óskað eftir, sundurliðað niður á mánuði fyrir sama tímabil (2024 og 2025).

Upplýsingar um eftirstandandi fjármagn til vistgreiðslna Barnaverndar Reykjavíkurborgar vegna barna með fjölþættan vanda á árinu 2025.

Áætlun Barnaverndar Reykjavíkurborgar um hversu marga vistunarsamninga vegna barna með fjölþættan vanda er gert ráð fyrir að verði gerðir það sem eftir er af árinu 2025.

Einnig er óskað eftir sömu upplýsingum vegna vistunarsamninga vegna fósturfjölskyldna.

Svar:

Hjá Barnavernd Reykjavíkur er unnið eftir verklagi þegar kemur að því að vista barn eða ungmanni í einkaúrræði vegna fjölþætts vanda. Aðdragandi þess er oftast áralöng málavinnsla samkvæmt meðferðaráætlun sbr. 23.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Markmiðið er ætíð að reyna öll önnur úrræði áður en til slíkrar vistunar kemur, þar á meðal má nefna að oftast hefur verið reynd vistun á fósturheimili fyrst og þá mögulega styrkt fóstur. Þegar ljóst er að þessi úrræði duga ekki til þess að mæta þörfum barnsins og tryggja öryggi þess þá er gerð bókun meðferðarfundar þar sem lagt er til að barnið verði vistað utan heimilis, og þá hjá einkaaðila, eins og kerfið virkar núna. Sú bókun fer svo til framkvæmdastjórnar Barnaverndar Reykjavíkur sem samþykkir eða synjar. Liggi fyrir samþykki þá er boðað til fundar með samráðsteymi velferðarsviðs en í því sitja, auk framkvæmdastjórnar Barnaverndar Reykjavíkur, skrifstofustjóri ráðgjafabjónustu, deildarstjóri í ráðgjafabjónustu og fjármálastjóri. Á þessum fundi er farið yfir fyrirbyggjandi gögn og tekin afstaða.

Í töflu 1 má sjá fjölda vistunarsamninga á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar, sundurliðað niður á hvern mánuð fyrir árin 2024 og 2025 vegna barna með fjölþættan vanda sem vistuð eru í einkaúrræðum.



Reykjavík



Tafla 1

Fjöldi barna:

2024	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D
Klettabær	15	17	18	20	18	19	17	15	14	13	13	13
Heilindi	2	3	3	2	2	3	3	3	3	2	2	2
Samtals	17	20	21	22	20	22	20	18	17	15	15	15


2025	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D
Klettabær	14	12	13	14	13	12	11	10	14			
Heilindi	4	4	4	4	4	4	4	4	4			
Samtals	18	16	17	18	17	16	15	14	18			

Ef horft er á þessa töflu má sjá að börnum sem vistuð eru í einkaúrræðum er heldur að fækka á heildina litið. Nú á næstu tveimur mánuðum mun þeim fækka enn frekar þar sem fimm ungmenni sem dvalið hafa í einkaúrræðum verða 18 ára og ljúka þar með vistun á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Allt þetta ár hefur verið unnið að yfirfærslu málefna þeirra á viðeigandi miðstöð í samvinnu við yfirfærsluteymi velferðarsviðs.

Sem stendur liggja ekki fyrir óskir um vistun ungmennis í einkaúrræði en sé horft til síðustu ára þá hafa þau ungmenni þar sem meðferðarteymi hefur bókað um slíka vistun fengið hana samþykkt í langflestum tilvikum og er þá unnið eftir því verklagi sem lýst var hér að ofan. Sem stendur er ekki um að ræða eftirstandandi fjármagn til vistgreiðslna í einkaúrræðum hjá Barnavernd Reykjavíkur sérmerkt vegna barna með fjölþættan vanda.

Hér í töflu 2 má sjá fjölda barna í fóstri árin 2022 og 2023, eða fjölda vistunarsamninga. Ekki liggja fyrir tölur fyrir árin 2024 og 2025. Þó má segja að þessar tölur eru nokkuð sambærilegar á milli ára.

Tafla 2





Til útskýringar þá er vistun 18-20 ára ungmenna ætíð með þeirra samþykki og felur í sér að þau samþykkja að dvelja lengur á fósturheimili. Varanlegt fóstur er þegar barni er komið í fóstur til frambúðar, oftast til 18 ára aldurs eða þar til forsjárskyldur falla niður. Tímabundið fóstur er notað þegar ætla má að unnt verði að bæta úr því ástandi sem er tilefni fósturs innan ákveðins tíma og að barnið geti snúið aftur heim. Styrkt fóstur er sérstakt úrræði samkvæmt barnaverndarlögum ætlað börnum og ungmennum sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda, geðræn vandamál, tilfinningaleg áföll eða aðrar flóknar áskoranir. Loks getur verið um að ræða vistun samkvæmt 84.gr. barnaverndarlaga sem felur í sér tímabundna vistun barns utan heimilis til að tryggja öryggi þess, greina vanda eða kanna aðstæður.

